

Þriðjudaginn 31. ágúst 1965.

Nr. 131/1965. **Ákærvaldið**

gegn

Martin Koert Smidt.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst 1965, sem barst dóminum 13. s. m. Krefst saksóknari þess með skirskotun til 3. tölul. 171. gr. sbr. 74. gr. laga nr. 82/1961, sbr. og 10. tölul. 172. gr. sömu laga, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hvorki veita greind lagaboð né aðrar réttarreglur heimild til kæru máls þessa, sem því ber að vísa frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. ágúst 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 3. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Borgartúni 7 af Loga Guðbrandssyni, kveðinn upp úrskurður um rétt og skyldu umboðsmanns kærða til að ljúka refsímáli fyrir hans hönd með dómsátt.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. febrúar s.l. kom hollenzka flutningaskipið m/s Linde frá Gröningen frá útlöndum til Eskifjarðar. Fór skipið þaðan daginn eftir norður um land til Þórshafnar, Ólafsfjarðar og Akureyrar. Grunur kom upp um, að áfengi hefði verið selt í skipinu og því smyglað í land bæði á Eskifirði og Ólafsfirði, og fór fram dómsrannsókn á báðum þessum stöðum af því tilefni.

Þegar til Akureyrar kom, reyndi skipstjóri m/s Linde, Martin Koert Smidt, að fá skipt íslenskum kr. 59.500.00 fyrir erlenda

peninga í útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri. Ekki er ljóst af málsskjöllum, hvaða upphæð í íslenskum peningum skipstjórinn hafði undir höndum, en það mun hafa verið um kr. 110.000.00 til kr. 115.000.00. Peninga þessa kvaðst hann hafa keypt af skipakaupmanni í Ceuta á Spáni, en önnur deili vissi hann ekki á honum.

Á Akureyri fór fram dómsrannsókn á ætluðu broti skipstjórans á „gjaldeyrislögum og reglugerð um gjaldeyrismeðferð o. fl.“

M/s Linde var að henni lokinni siglt austur um land aftur, og á Eskifirði var gerð dómsátt við skipstjórann vegna áfengis-sölu skipshafnar hans. Jafnframt var bókað eftir honum umboð til Ásgeirs Jónssonar framkvæmdastjóra, Hólavallagötu 3, Reykjavík, til að svara til saka í máli, varðandi hugsanlegt brot skipstjórans á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl. nr. 30/1960 og reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála nr. 79/1960, sbr. reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 79/1960 nr. 123/1962, þar á meðal til að gangast undir dómsátt.

Þá ábyrgðist Ásgeir Jónsson fyrir hönd Kol og Salt h/f greiðslu á sekt, allt að kr. 50.000.00, sem kærði kynni að verða dæmdur í vegna brota á gjaldeyrislöggjöfinni.

Í bréfi til sakadóms Reykjavíkur, dags. 22. marz s.l., lýsti saksóknari ríkisins því yfir, að hann samþykkti, að máli þessu yrði, að því er varðaði meint brot gegn íslenskri gjaldeyrislög-gjöf o. fl., lokið með þeirri dómsátt, að nefndur Martin Koert Smidt greiddi hæfilega sekt auk sakarkostnaðar.

Kærði var þá farinn af landi brott og ekki væntanlegur hingað aftur. Ritaði því dómariinn saksóknara ríkisins bréf, þar sem segir m. a.: „Kærði Martin Koert Smidt er farinn af landi brott og er ekki væntalegur aftur til landsins.“

Málinu getur því ekki orðið lokið í samræmi við óskir yðar í fyrrnefndu bréfi, þar sem kærði getur ekki sjálfur undirritað sátt í málinu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961.“

Krafðist þá saksóknari þess, að kveðinn yrði upp „dómsúrskurður um rétt og skyldu umboðsmanns kærða hér á landi, Ásgeirs Jónssonar framkvæmdastjóra, Hólavallagötu 3, hér í borg, til að ljúka málinu í umboði kærða á þann veg, sem samþykkt var í fyrrgreindu bréfi embættisins frá 22. marz s.l.“

Málsmeðferð samkvæmt 112. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála er undantekning frá hinni almennu meðferð opinberra mála. Hún er einnig sýnu óvandaðri en hin almenna meðferð. Þannig er dómara ekki gert að rökstyðja niður-

stöðu sína, og niðurstaða hans þarf að vera fjarstæð, til þess að henni verði hnekkt í æðra dómi.

Hníga því öll rök að því, að skýra beri ákvæði 112. gr. laga nr. 82/1961 þröngt. Verður að gera kröfu til, að í öllu sé fullnægt þeim skilyrðum, sem þar eru sett fyrir því, að ljúka megi máli með dómsátt.

Eitt þessara skilyrða er það, að sökunautur skuli játast undir ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók.

Með orðalagi ákvæðisins eru útilokaðar allar aðrar aðferðir til að játast undir dómsátt, enda er nauðsynlegt að tryggja óvæfengjanlega sönnun þess, að kærði hafi raunverulega viljað undirgangast sátt, m. a. vegna hugsanlegra ítrekunarverkana, innfærslu í sakaskrá, innheimtu sektar eða úttektar vararefsingar.

Kærði í máli þessu, Martin Koert Smidt skipstjóri, er ekki talinn líklegur til að koma aftur hingað til lands. Máli þessu verður því, að svo stöddu, ekki lokið með dómsátt við hann sjálfan.

Málinu verður heldur ekki samkvæmt því, sem að framan sagði, lokið á þann veg, að umboðsmaður kærða undirgangist dómsátt í umboði hans, og hefur umboðsmaðurinn hvorki rétt né skyldu til að ljúka málinu á þenna hátt í umboði kærða.

Ályktarorð:

Ásgeir Jónsson, umboðsmaður kærða í máli þessu, Martins Koerts Smidts, hefur hvorki rétt né skyldu til að gera fyrir hönd kærða dómsátt um refsingu hans.
